

Lögbirtingablað



Gefið út samkvæmt lögum nr. 64 16. des. 1943

Heimilisfang: Síðumúli 29, 2. hæð, 150 Reykjavík.
Sími 545 9050. Myndsendir 568 7646.
Netfang: logbirtingabladid@dkm.stjr.is
Veffang: http://lagabirting.is
ISSN 1670-0236 (vefútgáfa)
ISSN 1670-0228 (prentuð útgáfa)
Árg. kostar kr. 2.500, eintakið kr. 65.

Nr. 58 97. ár

Föstudaginn 21. maí 2004

Laust embætti

Biskup Íslands auglýsir laust til umsóknar embætti sóknarprests í Setbergsprestakalli Snæfellsnes- og Dalaprófastsdæmi frá 1. september 2004.

- Kirkjumálaráðherra skipar í embætti sóknarpresta til fimm ára.
- Óskað er eftir því að umsækjendur geri í umsókn skriflega grein fyrir menntun sinni, starfsferli og öðru því sem þeir óska eftir að taka fram.
- Valnefnd velur sóknarprest skv. starfsreglum um presta nr. 735/1998, en biskup ákveður með hvaða umsækjanda hann mælir náist ekki samstaða í valnefnd.
- Heimilt er að óska eftir því að almennar prestskosningar fari fram samkvæmt 20. gr. starfsreglna um presta nr. 735/1998, en ákvæðið er svohljóðandi:
„Óski minnst þriðjungur atkvæðisbærra sóknarbarna í prestakalli þess, að almenn prestskosning fari fram er skylt að verða við því. Skrifleg ósk um kosningu skal hafa borist biskupi eigi síðar en að hálfum mánuði liðnum frá þeim degi er kallið var auglýst laust til umsóknar“.
- Um launakjör fer skv. ákvörðun kjaranefndar, en að öðru leyti gilda um starfið lög um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar nr. 78/1997 og lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996.
- Allar nánari upplýsingar um embættið, starfskjör, helstu lög og reglur sem um starfið gilda, eru veittar á biskupsstofu, s. 535 1500.
- Umsóknarfrestur rennur út 18. júní 2004.
- Umsóknir sendist biskupi Íslands, biskupsstofu, Laugavegi 31, 150 Reykjavík.

Það athugist að embætti sóknarpresta eru auglýst með fyrirvara um breytingar á sóknar- og prestakallaskipan. Prestum er skylt að hlíta breytingu á störfum sínum og verksviði á skipunartímanum sbr. 19. gr. laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Með vísan til 13. og 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 96/2000 eru konur hvattar til að sækja um ofangreint embætti.

Reykjavík, 11. maí 2004.
F. h. b.,
Ragnhildur Benediktsdóttir.

(5800)

Laust starf

Í Stórutjarnaskóla í Ljósavatnsskarði vantar okkur góðan grunnskólakennara sem treystir sér til að fást við einhverja eftirfarandi námsþátta: Almenna bekkjarkennslu á yngstastigi eða miðstigi, íþróttir og sérkennslu.

Umsóknarfrestur er til 30. maí nk.

Nánari upplýsingar veita skólastjóri eða aðstoðarskólastjóri í sínum 464-3220, 464-3240

Auglýsing

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum

Forseti Íslands, herra Ólafur Ragnar Grímsson, kom í dag úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytinu, 12. maí 2004.

Davíð Oddsson.

5803)

Ólafur Davíðsson.

Auglýsing

um deiliskipulag fyrir frístunda- og íbúðarbyggð í landi Skíðsholts, Borgarbyggð

Samkvæmt ákvæðum 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, er hér með lýst eftir athugasemdum við ofangreint deiliskipulag.

Tillagan mun liggja frammi á bæjarskrifstofu Borgarbyggðar frá 21. maí 2004 til 18. júní 2004 Athugasemdum skal skila á bæjarskrifstofuna fyrir 2. júlí 2004 og skulu þær vera skriflegar.

Borgarnesi, 14. maí 2004.

Bæjarverkfræðingur Borgarbyggðar.

5801)

Auglýsing

um deiliskipulag skiltis á gatnamótum Lyngáss, Ásabrautar og Vífilsstaðavegar í Garðabæ

Samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar Garðabæjar og með vísan til 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum er hér með auglýst tillaga að deiliskipulagi vegna skiltis fyrir verslun við gatnamót Lyngáss, Ásabrautar og Vífilsstaðavegar.

Í tillögunni felst að heimilt verður að reisa 7,5 metra hátt skilti fyrir verslun með vísan til auglýstrar tillögu. Skiltið er staðsett við hljóðmön nálægt gatnamótum Ásabrautar og Vífilsstaðavegar. Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7 frá og með 21. maí 2004 til og með 22. júní 2004. Frestur til að skila inn athugasemdum við tillöguna er til og með 6. júní. Athugasemdir skulu vera skriflegar og undirritaðar og þeim skal skila á bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7. Einnig er hægt að fá upplýsingar um tillöguna á heimasíðu Garðabæjar: http://www.gardabaer.is.

Þeir sem ekki gera athugasemdir innan tilskilins frests teljast vera samþykkir tillögunni.

Skipulagsfulltrúi Garðabæjar.

5804)

Nauðungarsölur

Borgarnes

Eftirtaldar beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Bjarnarbraut 2, Borgarnesi, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Fitjahlíð 107, Skorradal	Eva Sögaard Johannesen	Skorradalshreppur	31.839
5526)			
Hl. sumarbústaðarins Múlabyggð 7, fastanúmer 211-2274, Borgarbyggð	Borgils Arason	Sparrisjóður Mýrasýslu	60.237
5527)			

Heiti eignar:	Gerðarþoli(-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Indriðastaðir 22, sumarbústaður í landi Indriðastaða í Skorradal	Eyrún Ósk Jónsdóttir	Skorradalshreppur	49.397
Lækjarmelur 6, Skilmannahreppi	Steypustöð Blönduóss ehf.	Íbúðalánasjóður og Sjóvá-Almennar hf.	8.225.022
Sumarbústaður nr. 210-505, í landi Vallaness 3, Skilmannahreppi	Sunna ehf.	Skilmannahreppur	46.595
Sumarbústaðurinn Vatnsendahlíð 75, fastanúmer 210-6977, Skorradal	Sigurður Sigurjónsson	Skorradalshreppur	74.480

Borgarnesi, 7. maí 2004.
Sýslumaðurinn í Borgarnesi,
Stefán Skarphéðinsson.

Höfn

Eftirtalдар beiðnir um nauðungarsölu til fullnustu kröfum um peningagreiðslu verða teknar fyrir á skrifstofu embættisins að Hafnarbraut 36, Höfn, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 14.00, hafi þær ekki áður verið felldar niður:

Heiti eignar:	Gerðarþoli (-ar):	Gerðarbeiðandi (-beiðendur):	Fjárhæðir krafna í krónum:
Bugðuleira 2, 0101	Fiskverk EK ehf.	Sparisjóður Hornafjarðar/nágr.	12.950.441
Heppuvegur 6	Sláturhús Horna-fjarðar ehf.	Lánasjóður landbúnaðarins	2.815.689
Hlíðartún 7	Nanna Ingólfssdóttir	Húsasmiðjan hf.	83.631
Rauðaberg 1	Reynir Sigursteinsson	Landsbanki Íslands hf., útibú	18.573.281
Skálafell 1	Þorsteinn Sigfússon og og Þóra Vilborg Jónsdóttir	Landsbanki Íslands hf., útibú, Lánasjóður landbúnaðarins og sýslumaðurinn á Höfn, Hornafirði	3.829.199
Smárabraut 2	Jón Benedikt Karlsson og Herdís Ingólfssdóttir Waage	Sjóvá-Almennar tryggingar hf.	61.198
Svalbarð 2	Ragnar Eðvarðsson	Sparisjóður Hornafjarðar/nágr.	1.268.488

Höfn, 10. maí 2004.
Sýslumaðurinn á Höfn,
Páll Björnsson.

og 464-3221. Sjá nánar á vef skólans www.storutjarnaskoli.is.

13. maí 2004.
Ólafur Arngrímsson skólastjóri.

Stefnur

Aðilar málsins eru:
Stefnandi: Pallaleigan ehf., kt. 640693-2159, Espilundi 14, pósthólf 222, 602 Akureyri.
Stefndi: Hjörtur Gísli Jónsson, kt. 011059-3929, óstaðsettur í hús, 101 Reykjavík.
Málflutningsumboð: Undirritaður, Bjarni Þór Óskarsson hrl., rekur mál þetta f.h. stefnanda.
Dómkröfur: Þess er krafist að stefndi Hjörtur

Gísli Jónsson, kt. 011059-3929, síðast með lögheimili að Laufásvegi 24, 101 Reykjavík, nú óstaðsettur í hús verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld á fjárhæð kr. 138.675, ásamt dráttarvöxtum af kr. 87.032 frá 15. október 2002 til 15. nóvember 2002, af kr. 138.675 frá 15. nóvember 2002 til greiðsludags. Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 12. maí 2003 kr. 25.000; 20. júní 2003 kr. 25.000; 9. júlí 2003 kr. 25.000; og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi.
Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins, en málskostnaðarreikningur verður lagður fram við aðalflutning málsins ef til kemur.
Málsatvik og málsástæður: Stefnandi rekur m.a. pallaleigu og veitir ýmsa þjónustu tengda

því. Skuld stefnda er tilkomin vegna viðskipta stefnda við stefnanda. Krafan er byggð á eftirfarandi reikningum:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð kr.:
1.	30. sept. 2002	15. okt. 2002	87.032
2.	31. okt. 2002	15. nóv. 2002	51.643

Samtals nema ofangreindar fjárhæðir kr. 138.675 sem er stefnufjárhæðin auk dráttarvaxta og kostnaðar. Gjalddagi í viðskiptum aðila var útgáfudagur reikninga og miðast dráttarvaxta-krafa í dómkröfu við það tímamark. Inn á skuldina hafa verið greiddar þessar innborganir: 12. maí 2003 kr. 25.000; 20. júní 2003 kr. 25.000; 9. júlí 2003 kr. 25.000; og dragast þær frá skuldinni m.v. stöðu hennar á innborgunardegi. Eftirstöðvar skuldarinnar hafa ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir og er því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar. Stefnandi er samkvæmt upplýsingum þjóðskrár ekki með skráð lögheimili, þ.e. óstaðsettur í hús og þrátt fyrir eftirgrennslan hefur ekki tekist að hafa upp á dvalarstað stefnda og á stefnandi ekki annað úrræði en að birta stefnu þessa í Lögbirtingablaði.

Lagatilvísanir: Stefnandi byggir kröfur sínar á reglum samninga- og kröfuréttar um loforð og efndir fjárskuldbindinga. Kröfur um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 með síðari breytingum vegna vaxta til og með 30. júní 2001, en III. kafla laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 vegna vaxta frá 1. júlí 2001 til greiðsludags. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Varðandi varnarþing vísast til 36. gr. laga nr. 91/1991. Stefna þessi er birt í Lögbirtingablaði skv. heimild í a-lið 89. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram afrit af reikningum og innheimtubréf lögmanns stefnanda til sönnunar kröfum sínum. Áskilnaður er gerður um framlagningu frekari gagna gefi málatilbún-aður stefnda tilefni til.

Áskorun og viðvörun: Hér með er skorað á stefnda að greiða stefnukröfurnar nú þegar til umboðsmanns stefnanda eða koma ella fyrir dóm þegar málið verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, dómsal 102, þann 24. júní 2004, kl. 10.00, og svara þar til sakar og leggja fram gögn. Verði ekki sótt þing af hálfu stefnda og/eða fyrirvarsmanna stefnda við þingfestingu og fyrirtöku málsins geta þeir átt von á að stefnu-kröfurnar verði gerðar aðfararhæfar gagnvart stefnda með áritun eða dómi.

Stefnufrestur er 30 sólarhringar.

Reykjavík, 28. apríl 2004.
F.h. Bjarna Þórs Óskarssonar hrl.,
Guðmundína Ragnarsdóttir hdl.

(5460

Dómstjórinn í Reykjavík,
Helgi I. Jónsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Davíð Gíslason hdl., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, að hann þurfi f.h. Reykjavíkurborgar, kt. 530269-7609, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu skuldabréfi.
Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, sem útgefið var í Reykjavík hinn 26. júní 1996. Bréfinu var þinglýst þann 27. júní 1996.
Málsástæður og önnur atvik: Veðskulda-bréfið er að upphæð kr. 720.000 upphaflega áhvílandi á 2. veðrétti á Grettisgötu 46, Reykja-

vík, verslunarhúsnæði á götuhæð, Vitastígs-megin, merkt 0102, ehl. í húsi 13,60%, ásamt öllum eignarhlutum sem fylgja og fylgja ber og var lántaki Einar Guðjónsson, kt. 150961-2469. Bréfið skyldi greitt með 30 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. nóvember 1996. Bréfið skyldi bera breytilega vexti af skuldinni eins og hún væri á hverjum tíma í samræmi við hliðstæð lán frá Landsbanka Íslands frá útgáfudegi, sem voru þá 7,55%. Vextirnir greiðist eftir á, á sömu gjalddögum og afborganirnar.

Stefnandi kveður framangreint skuldabréf vera glatað og frumrit þess hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst munu vísa til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Afrit af veðskuldabréfinu.
3. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 30. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson.

(5513)

**Dómstjórinn í Reykjavík,
Helgi I. Jónsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Davíð Gíslason hdl., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, að hann þurfi f.h. Samvinnulífeyrissjóðsins, kt. 430269-0389, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, sem útgefið var í Reykjavík hinn 26. september 1989. Bréfinu var þinglýst þann 27. september 1989 og fékk þá þinglýsingarnúmerið 900536.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið er að upphæð kr. 2.000.000 upphaflega áhvílandi á 10. veðrétti á Laugalæk 17, 104 Reykjavík, ásamt öllum eignarhlutum sem fylgja og fylgja ber og var lántaki Erlendur Einarsson, kt. 300321-3489. Bréfið skyldi greitt með 30 afborgunum á 6 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. október 1990. Bréfið skyldi bera breytilega vexti af skuldinni eins og hún væri á hverjum tíma í samræmi við ákvörðun Seðlabanka Íslands frá útgáfudegi, sem voru þá 7%. Vextirnir skyldu greiddir á sömu gjalddögum og afborganirnar og reiknast á fyrsta gjalddaga frá útborgunardegi lánsins. Bréfið var verðtryggt með lánskjaravísitölu sem þá var 2584 stig.

Stefnandi kveður framangreint skuldabréf vera glatað og frumrit þess hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst munu vísa til 120. gr. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Afrit af veðskuldabréfinu.
3. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 30. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson.

(5514)

**Dómstjórinn í Reykjavík,
Helgi I. Jónsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Davíð Gíslason hdl., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, að hann þurfi f.h. Samvinnulífeyrissjóðsins, kt. 430269-0389, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, sem útgefið var í Reykjavík hinn 10. maí 1985. Bréfinu var þinglýst þann 13. maí 1985 og fékk þá þinglýsingarnúmerið 18896.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið er að upphæð kr. 300.000 upphaflega áhvílandi á 9. veðrétti á Laugalæk 17, 104 Reykjavík, ásamt öllum eignarhlutum sem fylgja og fylgja ber og var lántaki Einar Erlendsson, kt. 150554-3149. Bréfið skyldi greitt með 25 afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. maí 1986. Bréfið skyldi bera breytilega vexti af skuldinni eins og hún væri á hverjum tíma í samræmi við hliðstæð lán banka og innlánsstofnana, sem tryggð voru með lánskjaravísitölu, frá útgáfudegi, sem voru þá 5%. Vextirnir greiðist eftir á, á sömu gjalddögum og afborganirnar. Bréfið var verðtryggt með byggingarvísitölu sem þá var 2963 stig.

Stefnandi kveður framangreint skuldabréf vera glatað og frumrit þess hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst munu vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Afrit af veðskuldabréfinu.
3. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnanda.

Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 30. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson.

(5515)

**Dómstjórinn í Reykjavík,
Helgi I. Jónsson**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Davíð Gíslason hdl., Suðurlandsbraut 18, 108 Reykjavík, að hann þurfi f.h. Samvinnulífeyrissjóðsins, kt. 430269-0389, Kringlunni 7, 103 Reykjavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur til ógildingar á neðangreindu skuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst gera þær dómkröfur að ógilt verði með dómi veðskuldabréf, sem útgefið var í Reykjavík hinn 10. maí 1985. Bréfinu var þinglýst þann 13. maí 1985 og fékk þá þinglýsingarnúmerið 18895.

Málsástæður og önnur atvik: Veðskuldabréfið er að upphæð kr. 200.000 upphaflega áhvílandi á 11. veðrétti á Laugalæk 17, Reykjavík, ásamt öllum eignarhlutum sem fylgja og fylgja ber og var lántaki Ásta Halldórsdóttir, kt. 060355-3639. Bréfið skyldi greitt með 25 afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti þann 1. maí 1986. Bréfið skyldi bera breytilega vexti af skuldinni eins og hún væri á hverjum tíma, í samræmi við hliðstæð lán banka og innlánsstofnana, sem tryggð voru með lánskjaravísitölu, frá útgáfudegi, sem voru þá 5%. Vextirnir greiðist eftir á, á hinum sömu gjalddögum og afborganirnar. Bréfið var verðtryggt með byggingarvísitölu sem þá var 2963 stig.

Stefnandi kveður framangreint skuldabréf vera glatað og frumrit þess hafi ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Er stefnanda því nauðsynlegt að fá dóm til ógildingar á bréfinu.

Lagarök: Stefnandi kveðst munu vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu þessa máls kveðst stefnandi munu leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Afrit af veðskuldabréfinu.
3. Eintak þess Lögbirtingablaðs sem stefnan birtist í.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskulda-bréf undir höndum eða telur til réttar yfir því til að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal nr. 102 í dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, fimmtudaginn 24. júní 2004 kl. 10.00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, leggja fram gögn af sinni hálfu og sanna rétt sinn til bréfsins. Að öðrum kosti má búast við að bréfið verði ógilt með dómi í samræmi við kröfur stefnanda. Stefnufrestur ákveðst einn mánuður.

Reykjavík, 30. apríl 2004.
Helgi I. Jónsson.

(5516)

**Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness,
Ólöf Pétursdóttir**

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Pétur Kristinsson hdl., Aðalgötu 2, Stykkishólmi, að hann þurfi fyrir hönd Fiskmarkaðar Íslands hf., kt. 601191-1219, Norðurtanga 6, Snæfellsbæ, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tryggingarbréfi.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að að ógilt verði með dómi tryggingarbréf sem hvílir á skipinu Adda afa KE-78, skipaskrárn. 6882.

Nánar er um að ræða tryggingarbréf að fjárhæð kr. 2.000.000 útgefið 19. febrúar 2002 af Útgerðarfélagi Íslands ehf., kt. 551100-2350, sem upphaflega var á 2. veðrétti á skipinu Adda afa KE-78, skipaskr.nr. 6882. Bréfið var móttekið til þinglýsingar hjá sýslumanninum í Keflavík 1. mars 2002 og innfært 4. mars 2002. Litra númer bréfsins er H-31.

Málsástæður: Stefnandi er eigandi ofangreinds tryggingarbréfs en engin skuld er á bak-

við það. Bréfið er hinsvegar týnt og hefur ekki fundist þrátt fyrir ítarlega leit því er stefnanda nauðsyn að fá tryggingarbréfið ógilt með dómi til að aflýsa megi því af hinni veðsettu eign.

Lagarök: Stefnandi vísar til 18. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Frumrit stefnu.
2. Skrá yfir framlögð skjöl.
3. Lögbirtingablað það sem stefna þessi birtist í.
4. Ljósrit tryggingarbréfsins
5. Veðbókarvottorð.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim sem kynni að hafa framangreint tryggingarbréf undir höndum eða telur til réttar yfir því að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsal á skrifstofu sýslumannsins að Vatnsnesvegi 33, Keflavík, miðvikudaginn 23. júní 2004, kl. 14.00 er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til bréfsins. Ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og kröfur stefnanda um ógildingu verði teknar til greina.

Stefnufrestur er einn mánuður.

Hafnarfirði, 6. maí 2004.
Ólöf Pétursdóttir.

(5773

Dómstjóri héraðsdóms Reykjaness, Ólöf Pétursdóttir

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Ásgeir Jónsson hdl., kt. 210159-4799, Tjarnargötu 2, Keflavík, að hann þurfi fyrir hönd Péturs Gíslasonar, kt. 010348-2859, Mánagötu 9, Grindavík, að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjaness til ógildingar á tveimur veðskuldabréfum.

Dómkröfur: Stefnandi gerir þær dómkröfur, að tvö veðskuldabréf, annað upphaflega að fjárhæð kr. 300.000, og hitt upphaflega að fjárhæð kr. 250.000, bæði útgefin 16. desember 1988, af Pétri Gíslasyni til Kristjáns Guðmundssonar, sem hvíla nú samhliða á 2. veðrétti fasteignarinnar Mánagötu 9, Grindavík, verði ógilt með dómi.

*Fyrirsva*r: Undirritaður lögmaður, Ásgeir Jónsson hdl., rekur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsástæður og önnur atvik: Stefnandi kveður málsatvik þau að þann 16. desember 1988 hafi hann gefið út fjögur veðskuldabréf til Kristjáns Guðmundssonar, nnr. 5855-3212, þá til heimilis að Háaleitisbraut 63, Reykjavík, eitt upphaflega að fjárhæð kr. 300.000, auðkennt með bókstafnum A, og þrjú upphaflega hvert að fjárhæð kr. 250.000, auðkennd með bókstöfunum B, C og D, eða alls samtals kr. 1.050.000. Veðskuldabréfin hafi öll verið tryggð með 10. veðrétti og uppfærslurétti í fasteigninni Mánagötu 9, Grindavík, en tvö þeirra, annað að fjárhæð kr. 300.000, auðkennt með bókstafnum A, en hitt upphaflega að fjárhæð kr. 250.000, auðkennt með bókstafnum C, hvíli nú á 2. veðrétti fasteignarinnar, en skuldabréf auðkennd með bókstöfunum B og D hafi verið aflýst af eigninni þann 1. júní 1993, árituð með beiðni um aflýsingu af Íslandsbanka hf., útibúi 0513, þann 26. maí 1993. Greiða átti skuldabréfin á 4 árum með 2 árlegum afborgunum, alls 8 afborgunum, í fyrsta sinn þann 1. júní 1989, og var skuld skv. þeim bundin lánskjaravísitölu með grunnvísitölu 2278 stig, og hafi þau ennfremur borið vexti frá 1. janúar 1989, sem voru meðalvextir sambærilegra skuldabréfa banka og sparisjóða skv. auglýsingum Seðlabanka Íslands, en gjalddagar vaxta voru hinir sömu og gjalddagar afborgana. Stefnandi kveður skuld samkvæmt framan-

greindum veðskuldabréfum að fullu greidda, en þau hafi glatast og eigi fundist þrátt fyrir mikla leit. Stefnanda sé því nauðsynlegt að fá veðskuldabréfin ógilt með dómi svo hann geti látið aflýsa þeim af hinni veðsettu fasteign, sem sé nú þinglesin eign stefnanda.

Lagarök: Stefnandi kveðst vísa til 120. og 121. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Sönnunargögn: Við þingfestingu máls síns mun stefnandi leggja fram eftirtalin sönnunargögn:

1. Afrit veðskuldabréfa auðkennd með bókstafnum A og C.
2. Frumrit veðskuldabréfa auðkennd með bókstafnum B og D.
3. Veðbókarvottorð.
4. Lögbirtingablað er sýnir stefnubirtinguna.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim er kann að hafa ofangreind veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir þeim, að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjaness, sem háð verður í dómsalnum að Vatnsnesvegi 33, 2. hæð, Keflavík, miðvikudaginn 23. júní 2004, kl. 14.00 síðdegis, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfanna, þar sem ella má búast við því að útivistardómur gangi í málinu og veðskuldabréfin verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur ákveðst 1 mánuður.

Hafnarfirði, 6. maí 2004.
Ólöf Pétursdóttir.

(5774

Dómstjórinn í Reykjavík, Helgi I. Jónsson

gerir kunnugt: Mér hefur tjáð Hildur Friðleifsdóttir hdl., að hún þurfi fyrir hönd Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík, að höfða mál til ógildingar á veðskuldabréfi.

Dómkröfur: Stefnandi kveðst krefjast þess að ógilt verði með dómi veðskuldabréf útgefið þann 16. ágúst 1999. Veðskuldabréfið var nr. 0153-74-10748, að upphaflegri fjárhæð kr. 1.200.000 verðtryggt m.v. vísitölu neysluverðs á útgáfudegi til gjalddaga grunnvísitölu 189,5 ásamt 10,45% ársvöxtum, gefið út til 5 ára á Patreksfirði þann 16. ágúst 1999. Til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu bréfsins var eignin Brunnar 18, Patreksfirði, sett að veði.

*Fyrirsva*r: Hildur Friðleifsdóttir hdl., lögfræðideild Landsbanka Íslands hf., flytur mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Málsatvik og málsástæður: Stefnandi kveðst hafa veitt, Búa Bjarnasyni, kt. 250767-3829, lán samkvæmt veðskuldabréfi þessu þann 16. ágúst 1999. Landsbanki Íslands hf., sé því rétthafi samkvæmt veðskuldabréfinu, en það hafi glatast og ekki fundist þrátt fyrir mikla leit. Það sé því brýn nauðsyn fyrir Landsbanka Íslands hf., að fá veðskuldabréfið ógilt með dómi, svo að bankinn geti nýtt sér réttindi þau sem hinu glataða skjali fylgja.

Lagarök: Málið er höfðað með heimild í 120. - 121. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála í héraði.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram eftirtalin skjöl til sönnunar kröfum sínum:

1. Frumrit ógildingarstefnu.
2. Skrá yfir framlögð gögn.
3. Ljósrit af veðskuldabréfi.
4. Lögbirtingablað það er, stefnan birtist í.
5. Veðbandayfirlit.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hverjum þeim, er kann að hafa framangreint veðskuldabréf undir höndum eða telur til réttar yfir því, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómsal 102, dómhúsinu v/Lækjartorg, Reykjavík, þann 22. júní 2004 kl. 10.00, er

mál þetta verður þingfest til þess þar og þá að sanna rétt sinn til veðskuldabréfsins, þar sem ella má búast við að útivistardómur gangi í málinu og skuldabréfið verði ógilt með dómi.

Stefnufrestur er 1 mánuður.

Reykjavík, 7. maí 2004.
Helgi I. Jónsson.

(5776

Innkallanir

Með úrskurði héraðsdóms Vestfjarða, upp-kveðnum 26. apríl 2004, var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður skipaður skiptastjóri í protabúinu.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn búsins.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Bjarni Kjartansson ehf., kt. 420597-2909, Þórsgötu 15, Patreksfirði	22. ágúst 2003	föstudaginn 6. ágúst 2004 kl. 10.00

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til skulda eða annarra réttinda á hendur protabúinu eða eigna í umráðum þess, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að Hafnarstræti 1, pósthólf 327, 400 Ísafirði.

Skiptafundur til að fjalla um skrá um lýstar kröfur og eftir atvikum um ráðstöfun á eignum og réttindum búsins verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Hafnarstræti 1, 3. hæð, Ísafirði, á ofangreindum tíma.

Skrá um lýstar kröfur mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Ísafirði, 7. maí 2004.

Björn Jóhannesson hdl.

(5523 a

Með úrskurðum héraðsdóms Reykjaness, uppkveðnum þann 23. apríl 2004, voru neðangreind bú tekin til gjaldþrotaskipta.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreindur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús:	Frestdagur:	Skiptafundur:
Ásbjörn Björnsson, kt. 300353-4879, Hlíðarvegi 10, Kópavogi	1. mars 2004	fimmtudaginn 29. júlí 2004 kl. 10.30

(5576 a

Kristín Guðnadóttir, kt. 050453-3169, Hlíðarvegi 10, Kópavogi	1. mars 2004	fimmtudaginn 29. júlí 2004 kl. 11.00
---	--------------	--------------------------------------

(5577 a

Otislyftur ehf., kt. 550365-0229, Gilsbúð 7, Garðabæ	24. mars 2004	fimmtudaginn 29. júlí 2004 kl. 11.30
--	---------------	--------------------------------------

(5578 a

Sighvatur Víðir Ívarsson, kt. 240367-2979, Suðurhvammi 13, Hafnarfirði	1. mars 2004	fimmtudaginn 29. júlí 2004 kl. 13.00
--	--------------	--------------------------------------

(5579 a

Hér með er skorað á alla þá, er telja til skulda eða annarra réttinda á hendur protabúunum, eða eigna í umráðum þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu skiptastjóra að Hátúni 6a, 105 Reykjavík eða í pósthólf 26, 121 Reykjavík.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrotabúanna verða haldnir á skrifstofu skiptastjóra að Hátúni 6a, 105 Reykjavík á ofangreindum tímum.

Komi ekkert fram um eignir í búunum verður skiptum lokið á skiptafundunum með vísan til 155. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Skrár yfir lýstar kröfur í viðkomandi þrotabú mun liggja frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra, síðustu viku fyrir skiptafundina.

Reykjavík, 6. maí 2004.
Guðmundur H. Pétursson hdl.

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur upp-
kveðnum 18. mars 2004 var neðangreint bú tek-
ið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður
skipaður skiptastjóri.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-
ur við nafn búsins.

Nafn bús: Enta hf. (áður Altech JHM hf.), kt. 621098-3309	Frestdagur: 14. nóv. 2003	Skiptafundur: miðvikudaginn 30. júní 2004 kl. 10.00
---	-------------------------------------	---

Hér með er skorað á alla þá sem telja til
skulda eða annarra réttinda á hendur framan-
greindu þrotabúi, eða eigna í umráðum þess, að
lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum skipta-
stjóra, innan tveggja mánaða frá fyrri birtingu
innköllunar þessarar.

Kröfulýsingar skulu sendar skiptastjóra að
Lágmúla 7, Reykjavík. Kröfulýsingarfrestur
rennur út 7. júní 2004.

Skiptafundur til að fjalla um skrár um lýstar
kröfur og ráðstöfun á eignum og réttindum þrota-
búsins, verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að
Lágmúla 7, Reykjavík, á ofangreindum tíma.

Skrá yfir lýstar kröfur í þrotabúið mun liggja
frammi á skrifstofu undirritaðs skiptastjóra,
síðustu viku fyrir skiptafundinn.

Endurbirt vegna villu í nafni félags.

Reykjavík, 28. apríl 2004.
Sigurmar K. Albertsson hrl.

(5403 b

Með úrskurðum héraðsdóms Vestfjarða upp-
kveðnum 21. apríl 2004 voru eftirtalin bú tekin
til gjaldþrotaskipta. Þann sama dag var undir-
ritaður skipaður skiptastjóri í búunum.

Frestdagur við gjaldþrotaskiptin er tilgreind-
ur við nafn viðkomandi bús.

Nafn bús: M.Á. ehf., kt. 471099-2959	Frestdagur: 11. feb. 2004	Skiptafundur: miðvikudaginn 21. júlí 2004 kl. 10.00
---	-------------------------------------	---

(5334 b

Útgerðarfélagið Eyland ehf., kt. 550499-2909	16. mars 2004	miðvikudaginn 21. júlí 2004 kl. 10.30
--	---------------	---

(5335 b

Hér með er skorað á alla þá, sem telja til
krafna á hendur búunum eða muna í vörslum
þeirra, að lýsa kröfum sínum fyrir undirrituðum
skiptastjóra innan tveggja mánaða frá fyrri birt-
ingu innkallana þessara.

Kröfulýsingar skulu sendar til skrifstofu
skiptastjóra að Sunnubraut 21, 300 Akranesi.

Skiptafundur til að fjalla um skrá yfir lýstar
